



BAF3D01

Aflrás - gírkassar

Námsáætlun, vorönn 2021

Kennari/kennarar:

Hreinn Ágúst Óskarsson
Ingvar Birnir Grétarsson

Netfang/netföng:

hreinn.oskarsson@borgo.is
ingvar.gretarsson@borgo.is

Lýsing:

- Fjallað er um hvað geti valdið bilunum eða ótímabæru sliti í kúplingu.
- Farið er yfir helstu aðgæsluatriði við ísetningu á kúplingu, þ.e. miðstillingu, skekkjur eða kast vélahluta og olíuleka.
- Kynntar eru mismunandi gerðir færslubúnaðar frá fetli í kúplingu.
- Gerðar eru athuganir og prófanir á gírkassa og festingum þar sem gírkassi er tekinn úr ökutæki, tekinn í sundur, skoðaður, settur saman, settur aftur í ökutæki og prófaður.
- Farið er yfir hvernig haga skuli reynsluakstri.
- Þá er farið yfir skrúffestingar (bolta og rær), stillingar og notkun loftverkfæra.

Áhersla er lögð á öryggi við vinnu undir ökutæki og hreinlæti, vinnuhraða og öguð vinnubrögð

Þekkingarviðmið; nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- tæknilegum aðgæsluatriðum við vinnu við kúplingu og gírkassa
- öryggisatriðum við vinnu undir bifreið vinnu við kúplingu og gírkassa
- mismunandi gerða færslubúnaðs frá fetli í kúplingu

Hæfniviðmið; nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- akstursprófa gírkassa og kúplingu og leggja fyrsta mat á ástand búnaðarins

Leikniviðmið; nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- meta ástand kúplingar, skipta um kúplingu og stilla
- taka gírkassa úr ökutæki, taka hann í sundur, gera við eða skipta um íhluti, setja saman og setja aftur í ökutækið

Námsmat:

Verklegt mat, um er að ræða símat, nemandi sýnir hvernig mat á kúplingu, gírkassa, innviði gírkassa gírkassafestingar, skiptibúnað og færslubúnað kúplinga fer fram eftir upplýsingum framleiðanda.

Skriflegt mat, nemandi vinnur gagnvirk verkefni á vef bhs/electude.com

Verklegt mat 40% bóklegt mat 40% virkni og þáttaka 20%

Námsgögn:

Electude gagnvirkt námsefni á neti: bhs.electude.com

Gírkassar, bílar og tæki í eigu Borgarholtsskóla

Viðgerðarupplýsingar frá framleiðanda gírkassa.

Verkefnahefti frá kennara

Myndbönd á Innu um viðgerðir á gírkössum

Aðrar mikilvægar upplýsingar:**Viðvera:**

- Nemendur skulu mæta stundvíslega í upphafi hvers kennsludags og hverrar kennslustundar.
- Nemendum ber að fara eftir sóttvarnareglum hverju sinni, bera grímur, vera með hanska og að sjálfsgöðu í vinnufatnaði við störf sín í bílaskála.
- Kennari áskilur sér rétt til að vísa þeim sem ekki fara eftir reglum um sóttvarnir og klæðnað af svæðinu.
- Nemendum sem mæta ítrekað of seint í kennslustundir verður vísað úr lotunni.
- Fjarvist umfram einn dag geta valdið því að nemandinn fái ekki lokið lotunni.

Vika	Dags.	Námsþættir
9	2. mars	Efni lotunnar kynnt, fyrirlestur, umræður, kynning á verkefnum lotunnar
9	3. til 8. mars	Vinna við verkefni lotunnar: Athuganir á gírskiptum, greining bilana, sundurrið ýmissa gírkassa, mat á íhlutum og samsetning.

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.